

Skútustaðahreppur
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Hlíðavegi 6
660 Mývatn

Reykjavík 2.febrúar 2018
UST201712-026/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - breyting - Reykjahlíð, Skútustaðahreppi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps er barst 5. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um grenndarkynningu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Reykjahlíðar, Skútustaðahreppi

Skipulagssvæðið

Svæði það er ofangreind breytingartillaga nær til er í nágrenni við hótél Reynihlíð. Lóðin sem breytingin fjallar um nefnist Austurhlíð og er samtals 1045 m².

Breytingartillagan

Í ofangreindri grenndarkynningu kemur fram að breytingartillagan felur í sér að húsið á Austurhlíð sem skv. núgildandi deiliskipulagi átti að rífa, verður endurbyggt ásamt viðbyggingu. Einnig kemur fram að húsið Austurhlíð er samtals 252,4 m², og að áætlað er að endurbygging við og ofan á húsið feli í sér að grunnflötur hússins stækki í 333,6 m² og alls verði húsið 586 m². Stækkunin er áætluð til að hýsa 7 starfsmenn og þriggja manna fjölskyldu tengda ferðaþjónustu.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um lausnir á fráveitu varðandi nýbygginguna í grenndarkynningu. Skipulags- og byggingarfulltrúi og arkitekt hafa upplýst að eigandi Austurhlíðar er Icelandair hotels, og að ofangreind bygging, húsið á Austurhlíð mun tengjast fráveitulausn sem Icelandair hotels vinnur að og verður sú lausn með ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun á skólpi hótelsins og tengdra bygginga. Samtals munu bætast við 10 persónueiningar skólps frá húsinu á lóðinni Austurhlíð.


Náttúruminjar


Lóðin Austurhlíð er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár, en á lóðinni hefur verið einbýlishús sem skv. breytingu á að byggja við og verður starfsmannahús. Lóð umhverfis húsið hefur verið raskað. Áhrif endurbyggingarinnar eru því ásættanleg á landslag og jarðminjum verður ekki raskað.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda deiliskipulagsbreytingu er fram kemur í grenndarkynningu. Umhverfisstofnun bendir á að sækja þarf um leyfi fyrir allar framkvæmdir innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur